

Taka útlendingar störf frá Íslendingum?

Eftir Katrínu Ólafsdóttur aðjunkt við Háskólann í Reykjavík

Það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum að ásýnd vinnumarkaðar hér á landi hefur breyst til muna hin síðustu ár eftir því sem fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað. Þannig höfðu 1,8% íbúa landsins erlenda ríkisborgararétt á árinu 1995 sem var svipað hlutfall og á árunum á undan. Upp frá því hækkaði hlutféild erlendra ríkisborgara og var komin í 3,5% af öllum íbúum landsins í fyrra.

Á öðrum Norðurlöndum er hlutféllið hærra í Svíþjóð (5,3%), Danmörku (4,9%) og Noregi (4,3%), en lægra í Finnlandi (2%). Þessi hlutféll segja þó ekki alla söguna þar sem hluti innflytjenda í öllum þessum ríkjum, þar á meðal Íslandi hefur hlotið ríkisborgararétt í því landi sem það býr. Þannig fengu ríflega 400 einstaklingar íslenskan ríkisborgararétt í fyrra.

Útlendingar svar við þenslu á vinnumarkaði

Fyrir ríflega áratug var helst að finna erlenda ríkisborgara við fiskvinnslu úti á landi. Þetta breyttist upp úr árinu 1995 þegar mikil uppsveifla hófst í íslensku efnahagslífi sem stóð fram á árið 2001.

Í byrjun uppsveiflunnar var mikill slaki í þjóðarbúskapnum sem ekki síst kom fram í því að atvinnuleysi fór upp í 5% á árinu 1995 og hefur ekki mælst hærra hér á landi.

Kröftugur hagvöxtur á næstu árum leiddi síðan til þess að atvinnuleysi lækkaði stig af stigi niður í 1,4% á árinu 2001 á sama tíma og störfum fjölgaði um 17 þúsund talsins. Hagvöxtur árunna 1996-2000 var að meðaltali 5%.

Á árinu 1998 var atvinnuleysið komið niður í 2,8% og lítið eftir af slakanum sem var til staðar í upphafi hagsveiflunnar. Á sama tíma fór aðflutningur erlendra ríkisborgara að vaxa til muna og dró þar með nokkuð úr spennunni á vinnumarkaði, en atvinnuleysi hélt áfram að lækka. Frá 1998 til 2001 eru aðfluttir erlendir ríkisborgarar 6.500 umfram brottflutta. Lauslega áætlað má reikna með að á árunum 1998-2001 hafi eitt af hverjum fjórum störfum verið fyllt af útlendingum.

Kærkomin viðbót á vinnumarkaði

Því er ljóst að aðflutningur erlendra ríkisborgara var á þessum árum drifinn af eftirspurn eftir vinnuaflum umfram það sem íslenskur vinnumarkaður gat boðið. Það þensluástand sem náði hámarki á árinu 2000 hefði án efa orðið mun verra hefði þessa vinnuafls ekki notið við.

Viðbótin á vinnumarkaðnum 1998-2001 var því kærkomin, en stundum koma fram áhyggjur af því að erlent vinnuafl taki vinnu frá Íslendingum. Það fyrsta sem ber að hafa í huga í því sambandi er að fjöldi starfa er ekki fasti, heldur breytist fjöldi þeirra dag frá degi. Ný tækifæri á vinnumarkaði eru sífellt að skapast. Fram til þessa hafa útlendingar helst verið ráðnir í vinnu þar sem Íslendingar hafa ekki fengist til starfans og því ekki um beina samkeppni að ræða við aðra á vinnumarkaði.

Árum saman hafa útlendingar verið ráðnir í vinnu við fiskvinnslu og á allra síðustu árum í alls kyns þjónustustörf, ræstingar, matargerð og umönnun aldraðra. Nokkrar atvinnugreinar eiga nú orðið mikið undir því að geta leitað til útlendinga til vinnu. Á

árinu 2002 voru tæplega 15% starfa í matvælaíðnaði, þ.m.t. fiskvinnslu, mönnuð af útlendingum og 9% starfa í hótél- og veitingarekstri.

Ný ásjón vinnumarkaðar til framtíðar

Atvinnuþátttaka hér á landi er með því hæsta sem gerist í heiminum og á árinu 2003 mældist hún um 82%. Ekki eru til upplýsingar um atvinnuþátttöku útlendinga hér á landi á sambærilegu formi, en ýmislegt bendir til þess að atvinnuþátttaka sé engu lægri en annarra á vinnumarkaði. Á árinu 2000 töldu tæplega 93% þeirra erlendra ríkisborgara sem gerðu framtal fram atvinnutekjur. Í könnun sem gerð var meðal fólks af erlendum uppruna sama ár kemur fram að ríflega 84% svarenda eru á vinnumarkaði. Þetta er ólíkt öðrum Norðurlöndum þar sem atvinnuþátttaka meðal útlendinga er að jafnaði töluvert minni en íbúa í heild.

Það er alltaf einhver hluti útlendinga sem flytur af landi brott eftir skamma dvöl hér á landi, en ljóst er að stór hluti aðfluttra er kominn til að vera og mun á endanum hljóta íslenskan ríkisborgararétt. Hin nýja ásjón íslensks vinnumarkaðar er því til framtíðar.

Eru útlendingar beittir launamisrétti?

Flestir þeir útlendingar sem flytja hingað til lands fá vinnu við störf sem ekki krefjast sérþekkingar eða tungumálakunnáttu. Því má búast við að meðallaun þeirra séu að jafnaði lægri en meðallaun allra á vinnumarkaði. Það væri í samræmi við erlendar rannsóknur, en þær hafa margar sýnt fram á að laun innflytjenda eru lægri en þeirra íbúa sem fyrir eru, t.d. vegna tungumálaörðugleika og skorts á starfsreynslu.

Í því sambandi vakna spurningar um hvort útlendingar séu beittir launamisrétti á íslenskum vinnumarkaði, en ekki er hægt að fullyrða neitt um það. Líkt og með launamun kynjanna, er það ekki í hag vinnuveitenda að beita misrétti, heldur er það í þeirra hag að leita að hæfasta einstaklingnum í hvert starf, óháð þjóðerni, litarhætti eða kyni. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að launamismunum byggð á þjóðerni eða kyni er víða til staðar.

Í ljósi þróunar síðustu ára tel ég að kominn sé tími til að skoða stöðu útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, meta atvinnuþátttöku þeirra á sama hátt og annarra á vinnumarkaði, kanna aðlögun þeirra að íslenskum vinnumarkaði og hvort laun þeirra séu sambærileg launum Íslendinga sem að öðru leyti hafa samsvarandi bakgrunn í sambærilegu starfi.